# Grímsnes- og Grafningshreppur

## Ársreikningur 2021

## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra .................... 2
Áritun óháðs endurskoðanda .................... 3 - 4
Rekstrarreikningur .................... 5
Efnahagsreikningur .................... 6 - 7
Sjóðstreymi .................... 8
Skýringar .................... 9 - 23

Grímsnes- og Grafningshreppur
kennitala: 590698-2109
Borg, 805 Selfoss

# Skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A hluta annarsvegar og B hluta hinsvegar. Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B hluta eru fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.

Rekstur sveitarfélagsins var með svipuðu móti í ár og síðastliðið ár. Heildarvelta sveitarfélagsins á árinu 2021 samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta nam 1.224,5 mkr. og er 92,5 mkr. yfir áætlun. Skatttekjur sveitarfélagsins samtals námu 837,6 mkr. sem er 20,6 mkr. yfir áætlun. Samtals námu rekstrartekjur A hluta 1.044,5 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir 964,2 mkr.

Stöðugildi í árslok 2021 voru 38,7.

Það er álit sveitarstjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 43,9 mkr. en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 19,9 mkr. Rekstrarniðurstaða samantekinna reikningsskila sveitarfélagsins er einnig jákvæð að fjárhæð 51,8 mkr. og er afkoman 47,5 mkr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Íbúafjöldi Grímsnes- og Grafningshrepps 1. desember 2020 var 497 en var 530 þann 1. desember 2021. Íbúum fjölgaði um 33.

Covid-19 faraldurinn sem nú hefur geisað í tvö ár hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum þar á meðal efnahagsleg. Nánar er fjallað um áhrif faraldursins á rekstur sveitarfélagsins í skýringu 15.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps ásamt sveitarstjóra, staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins og stofnana þess fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Borg, 2. maí 2022

Sveitarstjórn

Björn Kristinn Pálmarsson
Ragnheiður Eggertsdóttir
Ása Valdís Árnadóttir
Smári B. Kolbeinsson
[illegible]

Sveitarstjóri

Ása Valdís Árnadóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

*Ársreikningurinn innifelur*
- Skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra.
- Rekstrarreikning fyrir árið 2021.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2021.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

**Grundvöllur álits**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*
Við erum óháð Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra**
Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra sem lá fyrir við áritun okkar.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla sveitarstjórnar og sveitarstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

**Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum**
Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sveitarfélagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sveitarfélagsins. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Borg, 2. maí 2022

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2021

| | Skýr. | Sveitarsjóður A-hluti 2021 | Sveitarsjóður A-hluti Fjárh.áætl. | Sveitarsjóður A-hluti 2020 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2021 | Samantekin reikningsskil A og B hluti Fjárh.áætl. | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur** | 2 | | | | | | |
| Skatttekjur | | 838.613 | 818.053 | 812.988 | 837.562 | 816.917 | 811.985 |
| Aðrar tekjur | | 205.929 | 146.100 | 158.358 | 386.904 | 315.024 | 332.791 |
| | | 1.044.542 | 964.153 | 971.346 | 1.224.466 | 1.131.941 | 1.144.776 |
| **Gjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 448.204 | 442.639 | 433.267 | 479.590 | 472.473 | 463.172 |
| Lífeyrissjóðurinn Brú | 3,13 | 1.634 | 1.633 | 1.634 | 1.706 | 1.633 | 1.706 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 476.750 | 467.601 | 517.630 | 551.251 | 546.721 | 594.675 |
| | | 926.588 | 911.873 | 952.531 | 1.032.546 | 1.020.827 | 1.059.553 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | | 117.954 | 52.280 | 18.815 | 191.920 | 111.114 | 85.224 |
| Afskriftir | 6 | (50.333) | (44.946) | (44.552) | (80.564) | (78.485) | (72.931) |
| **Niðurstaða án fjármagnsliða** | | 67.621 | 7.334 | (25.737) | 111.356 | 32.629 | 12.292 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 4 | (23.730) | 12.539 | (10.837) | (59.559) | (28.333) | (44.301) |
| **Rekstrarniðurstaða** | 5 | 43.892 | 19.873 | (36.574) | 51.797 | 4.296 | (32.008) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| Eignir | Skýr. | Sveitarsjóður A-hluti 2021 | Sveitarsjóður A-hluti 2020 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2021 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | | | |
| Fasteignir og lóðir .............................. | | 995.514 | 994.240 | 1.013.405 | 1.008.423 |
| Veitukerfi, gatnakerfi og gámaplön ..... | | 140.940 | 140.750 | 579.537 | 552.031 |
| Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki .......... | | 29.282 | 29.451 | 31.938 | 33.300 |
| | | 1.165.736 | 1.164.442 | 1.624.880 | 1.593.754 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum ......................... | 7 | 36.160 | 36.160 | 36.160 | 36.160 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .......... | 8 | 16.766 | 37.808 | 0 | 0 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður ............... | 13 | 37.623 | 39.257 | 39.277 | 40.982 |
| | | 90.549 | 113.225 | 75.437 | 77.142 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 1.256.285 | 1.277.666 | 1.700.317 | 1.670.897 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur ............................. | 9 | 116.852 | 92.872 | 141.840 | 119.230 |
| Næsta árs afb. eigin fyrirtækja ........... | 8 | 22.873 | 20.877 | 0 | 0 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður ............... | 13 | 1.634 | 1.634 | 1.706 | 1.706 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki ......... | | 610.053 | 564.157 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur .................. | 9 | 7.492 | 9.774 | 7.778 | 9.774 |
| Handbært fé ...................................... | | 514.662 | 485.534 | 554.259 | 497.425 |
| | | 1.273.566 | 1.174.849 | 705.583 | 628.135 |
| **Eignir samtals** | | 2.529.851 | 2.452.515 | 2.405.899 | 2.299.032 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

| Eigið fé og skuldir | Skýr. | Sveitarsjóður A-hluti 2021 | Sveitarsjóður A-hluti 2020 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2021 | Samantekin reikningsskil A og B hluti 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eigið fé ............................................ | 10 | 1.730.903 | 1.673.479 | 1.390.369 | 1.325.040 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir .................... | 11 | 643.303 | 658.186 | 776.678 | 793.186 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir ................................ | | 51.951 | 24.897 | 122.210 | 74.157 |
| Næsta árs afb. langtímaskulda .......... | 11 | 46.762 | 43.371 | 54.926 | 51.117 |
| Aðrar skammtímaskuldir .................... | | 56.932 | 52.582 | 61.717 | 55.531 |
| | | 155.645 | 120.850 | 238.852 | 180.806 |
| **Skuldir samtals** | | 798.948 | 779.036 | 1.015.531 | 973.992 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 2.529.851 | 2.452.515 | 2.405.899 | 2.299.032 |

**Aðrar upplýsingar** 12-16

# Yfirlit um sjóðstreymi árið 2021

| | Sveitarsjóður A-hluti | | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2021 | Fjárh.áætl. | 2020 | 2021 | Fjárh.áætl. | 2020 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | | | | |
| Rekstrarafkoma ársins | 43.892 | 19.873 | (36.574) | 51.797 | 4.296 | (32.008) |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 50.333 | 44.946 | 44.552 | 80.564 | 78.485 | 72.931 |
| Verðbætur | 29.953 | 14.681 | 21.580 | 39.457 | 21.784 | 28.876 |
| Söluhagnaður eigna | 1.623 | 0 | (743) | 1.623 | 0 | (743) |
| | 125.800 | 79.500 | 28.815 | 173.441 | 104.565 | 69.056 |
| Breyting rekstrart. eigna- og skuldaliða: | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | (23.980) | 0 | (31.708) | (22.611) | 0 | (31.893) |
| Aðrar skammtímakröfur | 2.283 | 0 | (6.275) | 1.997 | 0 | (6.275) |
| Skammtímaskuldir | 31.404 | 0 | 4.067 | 54.238 | 0 | 7.816 |
| | 9.707 | 0 | (33.916) | 33.625 | 0 | (30.352) |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | 135.507 | 79.500 | (5.100) | 207.066 | 104.565 | 38.704 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | (40.418) | (173.500) | (121.671) | (100.480) | (331.050) | (186.232) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 700 | 0 | 2.600 | 700 | 0 | 2.600 |
| Langtímakröfur, breyting | 1.634 | 1.705 | 1.634 | 1.706 | 1.777 | 1.706 |
| Langtímakr. eigin stofnanir, breyting | 21.888 | (94.623) | 20.484 | 0 | 0 | 0 |
| | (16.196) | (266.418) | (96.953) | (98.075) | (329.273) | (181.926) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Afborganir langtímalána | (44.288) | (43.910) | (41.341) | (52.157) | (54.873) | (48.851) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | (45.896) | (52.278) | (13.520) | 0 | 0 | 0 |
| | (90.184) | (96.188) | (54.861) | (52.157) | (54.873) | (48.851) |
| **Breyting á handbæru fé** | 29.128 | (283.106) | (156.915) | 56.834 | (279.581) | (192.074) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 485.534 | 540.106 | 642.449 | 497.425 | 543.002 | 689.499 |
| **Handbært fé í árslok** | 514.662 | 257.000 | 485.534 | 554.259 | 263.421 | 497.425 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar innanríkisráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Til sveitarsjóðs (A hluta), telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Er þar um að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast stofnanir og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu Grímsnes- og Grafningshrepps, en rekstur þessara fyrirtækja og stofnana er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru félagslegar íbúðir, fráveita, vatnsveita og hitaveita.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt settum reikningsskilareglum þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 1.2 Samantekinn ársreikningur

Ársreikningur sveitarsjóðs (A hluta) og samstæðu (A og B hluta) er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt.

Með gildistöku reglugerðar nr. 230/2021 er sveitarfélögum nú gert frá og með reikningsárinu 2021, að færa byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnu félagafrom með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins hlutfallslega í samantekin reikningsskil. Með reglugerð nr. 14/2022 var sveitarfélögum veitt heimild til þess að fresta innleiðingu um eitt ár og er það gert í tilfelli Grímsnes- og Grafningshrepps.

Þau félög sem Grímsnes- og Grafningshreppur er aðili að og ber ótakmarkaða ábygrð á, ásamt öðrum eru:

Brunavarnir Árnessýslu, Byggðasafn Árnesinga, Héraðsskjalasafn Árnesinga, Listasafn Árnesinga, Héraðsnefnd Árnesinga, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Sorpstöð Suðurlands, Bergrisinn, Umhverfis- og tæknisvið uppsveita, Samstarf um seyruverkefni, Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Laugaráslæknishérað, Félagsmiðstöðin Zetor, Félagsþjónusta Hrunamannahrepps/uppsveita, Almannavarnir Árnessýslu, Ferðamálafulltrúi uppsveita og Markaðsstofa Suðurlands.

### 1.3 Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð breyting á niðurfærslu vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvar, fasteignaskattur, lóðarleiga og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Sala vöru og þjónustu er færð til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum afslætti og virðisaukaskatti. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma.

### 1.4 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á skuldir í árslok.

# Skýringar

### 1.5 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði. Afskriftatími eignaflokka er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 25 - 40 ár |
| Veitukerfi | 25 ár |
| Gatnakerfi og gámaplön | 25 ár |
| Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki | 5-15 ár |

Afskriftir eru reiknaðar hlutfallslega innan ársins.

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarniðurstöðu. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni eru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Á hverjum reikningsskiladegi er yfirfarið hvort gangvirði þessara eigna hafi vikið verulega frá bókfærðu verði þeirra. Sé um verulegt frávik að ræða eru þær endurmetnar. Í þessu samhengi er frávik talið verulegt ef það nemur 5% eða meira frá bókfærðu verði. Verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

### 1.6 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum eru færð á kostnaðarverði.

### 1.7 Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum sveitarfélagsins.

### 1.8 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

### 1.9 Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 1.10 Tekjuskattsinneign

Með lögum um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005 er kveðið á um að orkufyrirtæki sem höfðu verið undanþegin tekjuskatti skuli vera skattskyld frá og með árinu 2006. Hitaveita sveitarfélagsins er hluti B-hluta ársreiknings samstæðu sveitarfélagsins og gilda framangreind lög um þá starfsemi.

Verulegur taprekstur hefur verið á hitaveitu sveitarfélagsins undanfarin ár og er ekki sjáanlegur viðsnúningur á rekstrinum í 3ja ára áætlun sveitarfélagsins. Vegna verulegrar óvissu um nýtingu tekjuskattsinneignarinnar sem er tilkomin vegna taprekstrarins er inneignin ekki færð í reikningsskilin.

## 1.11 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2022. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

## 1.12 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum.

## 1.13 Breytingar á samanburðartölum

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

# Skýringar

## 2. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2021 | Áætlun | 2021 | Áætlun |
| Skatttekjur: | | | | |
| Útsvör | 242.303 | 218.865 | 242.303 | 218.865 |
| Fasteignaskattar | 592.420 | 595.340 | 591.369 | 594.204 |
| Lóðarleiga | 3.890 | 3.847 | 3.890 | 3.847 |
| | 838.613 | 818.053 | 837.562 | 816.917 |
| Skatttekjur samtals | 838.613 | 818.053 | 837.562 | 816.917 |
| Aðrar tekjur | 205.929 | 146.100 | 386.904 | 315.024 |
| Rekstrartekjur samtals | 1.044.542 | 964.153 | 1.224.466 | 1.131.941 |
| Íbúafjöldi | 530 | 514 | 530 | 514 |
| Skatttekjur á íbúa | 1.582 | 1.592 | 1.580 | 1.589 |

## 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2021 | Áætlun | 2021 | Áætlun |
| Laun | 363.708 | 359.015 | 389.355 | 383.250 |
| Launatengd gjöld | 84.495 | 83.624 | 90.235 | 89.223 |
| Lífeyrissjóðurinn Brú | 1.634 | 1.633 | 1.706 | 1.633 |
| | 449.838 | 444.272 | 481.296 | 474.106 |

Laun og launatengd gjöld sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 51,4 m.kr. á árinu 2021.

Stöðugildi í árslok 2021 voru 38,7.

# Skýringar

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekin reikningsskil | |
|---|---|---|---|---|
| | 2021 | Áætlun | 2021 | Áætlun |
| Vaxtatekjur | 30.152 | 50.355 | 7.602 | 18.654 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | (53.882) | (37.816) | (67.161) | (46.987) |
| | (23.730) | 12.539 | (59.559) | (28.333) |

## 5. Heildaryfirlit um rekstur

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður: | | | | |
| Skatttekjur | 0 | 854.771 | 854.771 | 828.435 |
| Félagsþjónusta | 69.222 | 4.579 | (64.643) | (56.085) |
| Heilbrigðismál | 47 | 0 | (47) | (40) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 423.479 | 53.246 | (370.233) | (389.939) |
| Menningarmál | 22.845 | 3.424 | (19.421) | (25.262) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 123.247 | 22.107 | (101.139) | (104.406) |
| Brunamál og almannavarnir | 45.760 | 276 | (45.484) | (45.264) |
| Hreinlætismál | 96.364 | 86.380 | (9.984) | (2.081) |
| Skipulags- og byggingarmál | 97.279 | 47.581 | (49.698) | (69.087) |
| Umferðar- og samgöngumál | 31.448 | 0 | (31.448) | (34.741) |
| Umhverfismál | 5.224 | 4.435 | (789) | (4.097) |
| Atvinnumál | 12.458 | 20.467 | 8.009 | (7.170) |
| Sameiginlegur kostnaður | 138.777 | 1.795 | (136.982) | (121.574) |
| Lífeyrissjóðurinn Brú | 1.634 | 0 | (1.634) | (1.633) |
| Fjármagnsliðir | 6.243 | 48.514 | 42.271 | 86.395 |
| Millifærslur í aðalsjóði | (46.599) | (46.599) | 0 | 0 |
| Aðalsjóður samtals | 1.027.427 | 1.100.975 | 73.548 | 53.453 |
| | | | | |
| Eignasjóður | 132.180 | 109.975 | (22.205) | (30.168) |
| Þjónustumiðstöð | 27.450 | 20.000 | (7.450) | (3.412) |
| Millifærslur í A hluta | (137.894) | (137.894) | 0 | 0 |
| Sveitarsjóður samtals | 1.049.165 | 1.093.056 | 43.892 | 19.873 |
| | | | | |
| Félagslegar íbúðir | 8.096 | 3.302 | (4.794) | (2.529) |
| Fráveita | 46.858 | 40.678 | (6.180) | (5.818) |
| Hitaveita | 76.634 | 80.597 | 3.963 | (19.305) |
| Vatnsveita | 50.336 | 65.252 | 14.916 | 12.076 |
| Millifærslur í B hluta | (9.904) | (9.904) | 0 | 0 |
| Sjóðir í B-hluta samtals | 172.019 | 179.924 | 7.905 | (15.577) |
| | | | | |
| Samantekið samtals | 1.221.184 | 1.272.980 | 51.797 | 4.296 |

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra sem reiknaðar eru sem fastur hundraðshluti, greinast þannig:

| | Fasteignir og lóðir | Gatnakerfi og gámaplön | Bifreiðar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sveitarsjóður: | | | | |
| Bókfært verð 1/1 | 994.240 | 140.750 | 29.451 | 1.164.442 |
| Viðbót á árinu | 19.877 | 12.189 | 8.352 | 40.418 |
| Endurmat lóða og lendna | 13.532 | 0 | 0 | 13.532 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (2.323) | (2.323) |
| Afskrifað á árinu | (32.136) | (11.998) | (6.199) | (50.333) |
| Bókfært verð 31/12 | 995.514 | 140.940 | 29.282 | 1.165.736 |

| | Fasteignir og lóðir | Veitu- og gatnakerfi | Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Samantekið: | | | | |
| Bókfært verð 1/1 | 1.008.423 | 552.031 | 33.300 | 1.593.754 |
| Viðbót á árinu | 24.457 | 67.671 | 8.352 | 100.480 |
| Endurmat lóða og lendna | 13.532 | 0 | 0 | 13.532 |
| Selt á árinu | 0 | 0 | (2.323) | (2.323) |
| Afskrifað á árinu | (33.007) | (40.165) | (7.392) | (80.564) |
| Bókfært verð 31/12 | 1.013.405 | 579.537 | 31.938 | 1.624.880 |

Vátryggingaverðmæti, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna sveitarsjóðs og B hluta stofnana, greinist þannig í árslok:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-verðmæti | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Sveitarsjóður: | | | |
| Skólahúsnæði | 245.430 | 773.429 | 373.767 |
| Íþróttamannvirki | 189.800 | 599.907 | 198.429 |
| Stjórnsýsluhús | 26.850 | 86.390 | 21.140 |
| Félagsheimilið Borg | 90.320 | 286.864 | 22.191 |
| Þjónustuhúsnæði | 15.870 | 38.577 | 15.903 |
| Skálar | 22.467 | 72.971 | 5.330 |
| Gatnakerfi og gámaplön | 0 | 0 | 140.940 |
| Leigulóðir | 169.249 | 0 | 88.340 |
| Lóðir og lendur | 164.811 | 291.587 | 170.560 |
| Golfvöllur | 76.675 | 0 | 99.853 |
| Bifreiðar, vélar, áhöld og tæki | 0 | 71.487 | 29.282 |
| Samtals sveitarsjóður | 1.001.472 | 2.221.211 | 1.165.736 |

# Skýringar

| | Fasteignamat | Vátrygginga-verðmæti | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| B-hluta stofnanir: | | | |
| Íbúðarhúsnæði | 68.950 | 110.557 | 17.891 |
| Veitukerfi | 0 | 5.031.851 | 438.597 |
| Aðrir rekstrarfjármunir | 0 | 0 | 2.656 |
| Samtals B-hluta stofnanir | 68.950 | 5.142.408 | 459.144 |
| | | | |
| Samantekið samtals | 1.070.422 | 7.363.619 | 1.624.880 |

Samkvæmt reikningsskilaaðferð sveitarfélaga hafa tilteknar eignir sveitarfélagsins verið gjaldfærðar og því ekki færðar í efnahagsreikning.

**Lausafjármunir**

Tryggingarverð lausafjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Stjórnsýsluhús | 12.709 |
| Kerhólsskóli | 30.051 |
| Íþróttamannvirki | 10.855 |
| Áhaldahús | 10.193 |
| Félagsheimili | 17.872 |
| Veitur | 17.739 |
| | 99.419 |

## 7. Eignarhlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta í öðrum félögum greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í félögum: | | |
| Sláturfélag Suðurlands | 202 | 202 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf | 19.755 | 19.755 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. A-bréf | 676 | 676 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. B-bréf | 2.704 | 2.704 |
| Vottunarstofan Tún ehf | 74 | 74 |
| Háskólasamfélag Suðurlands ehf | 2.140 | 2.140 |
| Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands | 339 | 339 |
| Eignarhlutar í byggðasamlögum: | | |
| Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands | 3.480 | 3.480 |
| Uxahryggir ehf | 500 | 500 |
| Norðurvegur ehf | 500 | 500 |
| Stofnsjóður SS | 1 | 1 |
| Laugarás | 5.682 | 5.682 |
| Sorpstöð Suðurlands | 107 | 107 |
| | 36.160 | 36.160 |

# Skýringar

## 8. Langtímakröfur

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Skuldabréf á eigin fyrirtæki | 39.639 | 0 |
| Næsta árs afborganir | (22.873) | 0 |
| | 16.766 | 0 |

Afborganir af verðbréfaeign greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2022 | 22.873 | 0 |
| Árið 2023 | 15.322 | 0 |
| Árið 2024 | 1.444 | 0 |
| | 39.639 | 0 |

## 9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla óinnheimtra tekna, annarra viðskiptakrafna og skammtímakrafna greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Afskriftareikningur í ársbyrjun | 11.009 | 14.027 |
| Breyting afskriftaframlags á árinu | 2.162 | 1.902 |
| Afskriftareikningur í árslok | 13.171 | 15.929 |

## 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Eigið fé 1/1 | 1.673.479 | 1.325.040 |
| Endurmat lóða og lendna | 13.532 | 13.532 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 43.892 | 51.797 |
| Eigið fé 31/12 | 1.730.903 | 1.390.369 |

## 11. Langtímaskuldir

| | Staða 1.1. 2021 | Afborganir | Verðbætur | Eftirstöðvar 31.12.2021 |
|---|---|---|---|---|
| Sveitarsjóður: | | | | |
| Verðtryggð lán | 701.557 | (44.288) | 32.795 | 690.065 |
| Samantekið: | | | | |
| Verðtryggð lán | 844.304 | (52.157) | 39.457 | 831.604 |

# Skýringar

## 11. Langtímaskuldir, framhald

| Yfirlit um langtímaskuldir: | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Innlend verðtryggð lán, meðalvextir 3,12% | 690.065 | 831.604 |
| Næsta árs afborganir | (46.762) | (54.926) |
| | 643.303 | 776.678 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2022 | 46.762 | 54.926 |
| Árið 2023 | 48.089 | 56.296 |
| Árið 2024 | 49.454 | 57.706 |
| Árið 2025 | 50.857 | 59.157 |
| Árið 2026 | 52.301 | 60.649 |
| Síðar | 442.602 | 542.870 |
| Langtímaskuldir samtals, þar með taldar næsta árs afborganir | 690.065 | 831.604 |

## 12. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| A hluti | 100% | 2.529.851 | 798.948 | 1.730.903 |
| Félagslegar íbúðir | 100% | 17.891 | 66.494 | (48.603) |
| Fráveita | 100% | 154.459 | 239.023 | (84.563) |
| Hitaveita | 100% | 204.599 | 494.823 | (290.223) |
| Vatnsveita | 100% | 148.792 | 65.937 | 82.855 |
| Millifærslur, innbyrðis staða | | (649.693) | (649.693) | 0 |
| Heildarstaða sveitarfélagsins 31.12.2021 | | 2.405.899 | 1.015.531 | 1.390.369 |

## 13. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði (nr. 792/2017) við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjörs.

Í febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

# Skýringar

## 13. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar, framhald

Framlög vegna Lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs vegna uppgjörsins eru eignfræð sem fyrirframgreiddur kostnaður. Krafan er gjaldfærð á 20 árum vegna Varúðarsjóðs og 30 árum vegna Lífeyrisaukasjóðs og er gjaldfærsla ársins alls 1,7 mkr. færð í rekstur meðal launa og tengdra gjald.

Fyrirframgreiddur kostnaður greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | Samantekið |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 37.623 | 39.277 |
| Næsta árs gjaldfærsla , færð meðal veltufjármuna | 1.634 | 1.706 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður alls | 39.257 | 40.982 |

Samkvæmt breytingu á reglugerð nr. 502/2012 er heimilt að draga umrædda fyrirframgreiðslu frá við útreikning á skuldaviðmiði frá og með árinu 2018.

## 14. Aðrar upplýsingar

### Ábyrgðarskuldbinding

Sveitarfélagið ber ábyrgð á láni sem Héraðsnefnd Árnesinga bs. tók til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Eftirstöðvar lánsins í árslok 2021 voru um 269,7 mkr. Lánið er á nafni Hérðasnefndar og greiða aðildarsveitarfélög það niður með framlögum til nefndarinnar.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á lánum sem Brunavarnir Árnessýslu tóku vegna fjárfestinga til slökkvistarfa. Eftirstöðvar þeirra í árslok 2021 voru 440,9 mkr. Lánin eru á nafni Brunavarna Árnessýslu og greiða aðildarsveitarfélögin þau niður með framlögum.

Sveitarfélagið ber einnig ábyrgð á lánum sem Byggðasafn-, Héraðsskjalasafn-, Listasafn- og Tónlistarskóli Árnesinga tóku vegna uppgreiðslu á skuldum þeirra við Brú lífeyrssjóð. Eftirstöðvar þeirra í árslok 2021 voru 272,6 mkr.

### Önnur atriði

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 15. Atburðir eftir lok reikningsárs

Covid-19 faraldurinn sem nú hefur geisað í tvö ár hefur haft veruleg áhrif á mörgum sviðum þar á meðal efnahagsleg. Áhrifin á sveitarfélagið fólust m.a. í endurgreiðslu á þjónustugjöldum vegna skerðingar á þjónustu, frestun innheimtu fasteignagjalda og auk þessa var aukning á útgjöldum á mörgum sviðum. Vonir standa nú til að faraldrinum sé að ljúka, en það er mat sveitarstjórnar að greiðsluhæfi sveitarfélagsins sé ekki skert og til að mæta skammtíma áhrifum í sjóðsflæði á sveitarfélagið næga fjármuni.

# Skýringar

## 16. Lykiltölur

| Lykiltölur fyrir A-hluta - 5 ára yfirlit: | Áætlun með viðaukum | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ýmsar lykiltölur** | 2021 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)** | | | | | | |
| Framlegð (EBITDA) | 5,4% | 11,3% | 1,9% | 16,7% | 16,1% | 10,6% |
| Rekstrarniðurstaða | 2,1% | 4,2% | -3,8% | 56,4% | 9,4% | 4,5% |
| Veltufé frá rekstri | 8,2% | 12,0% | 3,0% | 17,4% | 16,3% | 11,3% |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | 18,0% | 3,8% | 12,3% | 6,9% | -0,7% | 14,7% |
| Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall | 77,8% | 76,5% | 80,2% | 79,2% | 86,4% | 105,6% |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár) | 8,2 | 5,1 | 22,8 | 3,9 | 4,7 | 7,3 |
| Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb. | 1,8 | 2,8 | 0,7 | 4,4 | 3,8 | 2,7 |
| Veltufjárhlutfall | 13,4 | 8,2 | 9,7 | 11,2 | 7,9 | 3,5 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga** | | | | | | |
| Jafnvægisregla | 648.500 | 572.110 | 614.380 | 686.016 | 133.532 | 58.708 |
| Skuldaviðmið | -26,5% | -49,0% | -44,8% | -52,8% | 3,3% | 46,7% |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)** | | | | | | |
| Útsvar | 22,7% | 23,2% | 24,1% | 22,1% | 22,5% | 24,8% |
| Fasteignaskattur | 61,7% | 56,7% | 59,2% | 55,9% | 56,0% | 54,9% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 6,5% | 0,0% | 0,0% |
| Lóðarleiga | 0,4% | 0,4% | 0,4% | 0,4% | 0,4% | 0,4% |
| Skatttekjur samtals | 84,8% | 80,3% | 83,7% | 84,8% | 78,9% | 80,1% |
| Aðrar tekjur | 15,2% | 19,7% | 16,3% | 15,2% | 21,1% | 19,9% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Laun og launatengd gjöld | 45,9% | 43,1% | 44,8% | 37,7% | 36,8% | 40,0% |
| Annar rekstrarkostnaður | 48,5% | 45,6% | 53,3% | 45,6% | 47,0% | 46,2% |
| Framlegð (EBITDA) | 5,4% | 11,3% | 1,9% | 16,7% | 16,1% | 10,6% |
| Afskriftir | 4,7% | 4,8% | 4,6% | 4,4% | 4,7% | 5,5% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -1,3% | 2,3% | 1,1% | 1,0% | 2,0% | 0,5% |
| Óreglulegir liðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 45,1% | 0,0% | 0,0% |
| Rekstrarniðurstaða | 2,1% | 4,2% | -3,8% | 56,4% | 9,4% | 4,5% |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | | | |
| ***Rekstur*** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.592 | 1.582 | 1.636 | 1.684 | 1.502 | 1.310 |
| Aðrar tekjur | 284 | 389 | 319 | 301 | 402 | 326 |
| Laun og launatengd gjöld | (861) | (846) | (872) | (745) | (700) | (654) |
| Annar rekstrarkostnaður | (910) | (900) | (1.042) | (905) | (895) | (756) |
| Afskriftir | (87) | (95) | (90) | (87) | (89) | (91) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 24 | (45) | (22) | (21) | (38) | (9) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega liði | 42 | 86 | (70) | 228 | 183 | 125 |
| Óreglulegir liðir | 0 | 0 | 0 | 896 | 0 | 0 |
| Rekstrarniðurstaða | 42 | 86 | (70) | 1.124 | 183 | 125 |
| ***Efnahagur:*** | | | | | | |
| Eignir | 4.907 | 4.773 | 4.935 | 4.965 | 4.026 | 3.958 |
| Eigið fé | 3.447 | 3.266 | 3.367 | 3.393 | 2.381 | 2.231 |
| Skuldir og skuldbindingar | 1.460 | 1.507 | 1.567 | 1.572 | 1.645 | 1.727 |
| ***Sjóðstreymi*** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 155 | 237 | 58 | 345 | 310 | 185 |
| Handbært fé frá rekstri | 155 | 256 | (10) | 335 | 161 | 378 |
| Fjarfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 338 | 75 | 240 | 136 | (12) | 241 |
| | | | | | | |
| Íbúafjöldi | 514 | 530 | 497 | 504 | 481 | 472 |
| Breyting frá fyrra ári% | | 5,2% | -1,4% | 6,8% | 1,9% | 2,8% |

# Skýringar

## 16. Lykiltölur, framhald

**Lykiltölur fyrir A og B hluta - 5 ára yfirlit:**

| **Ýmsar lykiltölur** | Áætlun með viðaukum 2021 | Ársreikningar 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)** | | | | | | |
| Framlegð (EBITDA) | 9,8% | 15,7% | 7,4% | 22,8% | 21,5% | 18,4% |
| Rekstrarniðurstaða | 0,4% | 4,2% | -2,8% | 51,8% | 10,2% | 7,0% |
| Veltufé frá rekstri | 9,2% | 14,2% | 6,0% | 21,1% | 17,6% | 13,6% |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | 29,1% | 8,1% | 16,0% | 9,5% | -1,2% | 10,7% |
| Heildarskuldir og skuldb. - skuldahlutfall | 82,9% | 82,9% | 85,1% | 84,1% | 91,7% | 111,4% |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Langt.sk. og skuldb. / veltufé frá rekstri (ár) | 7,5 | 4,5 | 11,5 | 3,3 | 4,4 | 6,3 |
| Veltufé frá rekstri / afb. skulda og skuldb. | 1,9 | 3,3 | 1,4 | 5,1 | 3,0 | 1,9 |
| Veltufjárhlutfall | 3,8 | 3,0 | 3,5 | 4,6 | 1,5 | 0,6 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga** | | | | | | |
| Jafnvægisregla | 608.403 | 627.215 | 685.514 | 782.329 | 167.198 | 49.653 |
| Skuldaviðmið | 38,9% | 22,1% | 26,6% | 13,8% | 67,2% | 111,4% |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur (%)** | | | | | | |
| Útsvar | 19,3% | 19,8% | 20,4% | 18,8% | 19,1% | 20,6% |
| Fasteignaskattur | 52,5% | 48,3% | 50,1% | 47,6% | 47,4% | 45,6% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 5,5% | 0,0% | 0,0% |
| Lóðarleiga | 0,3% | 0,3% | 0,3% | 0,3% | 0,3% | 0,3% |
| Skatttekjur samtals | 72,2% | 68,4% | 70,9% | 72,3% | 66,8% | 66,5% |
| Aðrar tekjur | 27,8% | 31,6% | 29,1% | 27,7% | 33,2% | 33,5% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| Laun og launatengd gjöld | 41,7% | 39,2% | 40,5% | 33,2% | 32,2% | 34,4% |
| Annar rekstrarkostnaður | 48,3% | 45,0% | 51,9% | 43,8% | 46,1% | 44,5% |
| Framlegð (EBITDA) | 9,8% | 15,7% | 7,4% | 22,8% | 21,5% | 18,4% |
| Afskriftir | 6,9% | 6,6% | 6,4% | 5,9% | 6,3% | 7,4% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 2,5% | 4,9% | 3,9% | 3,7% | 5,0% | 4,0% |
| Óreglulegir liðir | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 38,5% | 0,0% | 0,0% |
| Rekstrarniðurstaða | 0,4% | 4,2% | -2,8% | 51,8% | 10,2% | 7,0% |
| **Í þúsundum króna á íbúa:** | | | | | | |
| ***Rekstur*** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.589 | 1.580 | 1.634 | 1.682 | 1.500 | 1.308 |
| Aðrar tekjur | 613 | 730 | 670 | 645 | 746 | 659 |
| Laun og launatengd gjöld | (919) | (905) | (932) | (773) | (724) | (677) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.064) | (1.040) | (1.197) | (1.020) | (1.036) | (875) |
| Afskriftir | (153) | (152) | (147) | (136) | (141) | (146) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (55) | (112) | (89) | (86) | (112) | (78) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega liði | 12 | 101 | (61) | 312 | 232 | 190 |
| Óvenjulegir liðir | 0 | 0 | 0 | 896 | 0 | 0 |
| Rekstrarniðurstaða | 12 | 101 | (61) | 1.209 | 232 | 190 |
| ***Efnahagur:*** | | | | | | |
| Eignir | 4.447 | 4.539 | 4.626 | 4.649 | 3.617 | 3.534 |
| Eigið fé | 2.621 | 2.623 | 2.666 | 2.693 | 1.558 | 1.342 |
| Skuldir og skuldbindingar | 1.826 | 1.916 | 1.960 | 1.957 | 2.058 | 2.192 |
| ***Sjóðstreymi*** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 203 | 327 | 139 | 491 | 395 | 267 |
| Handbært fé frá rekstri | 203 | 391 | 78 | 492 | 225 | 457 |
| Fjarfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 641 | 185 | 366 | 218 | 68 | 211 |
| Íbúafjöldi | 514 | 530 | 497 | 504 | 481 | 472 |
| Breyting frá fyrra ári% | | 5,2% | -1,4% | 6,8% | 1,9% | 2,8% |

# Skýringar

## 16. Lykiltölur, framhald

Ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta greinist þannig í þús. kr. (á verðlagi hvers árs):

| | 2021 | % | 2020 | % | 2019 | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður** | | | | | | |
| Skatttekjur | 854.771 | 100,00% | 829.149 | 100,00% | 863.619 | 100,00% |
| Félagsþjónusta | (64.643) | 7,6% | (50.277) | 6,1% | (46.358) | 5,4% |
| Heilbrigðismál | (47) | 0,0% | (53) | 0,0% | (46) | 0,0% |
| Fræðslu- og uppeldismál | (370.233) | 43,3% | (387.819) | 46,8% | (310.549) | 36,0% |
| Menningarmál | (19.421) | 2,3% | (26.725) | 3,2% | (21.904) | 2,5% |
| Æskulýðs- og íþróttamál | (101.139) | 11,8% | (104.550) | 12,6% | (87.988) | 10,2% |
| Brunamál og almannavarnir | (45.484) | 5,3% | (41.097) | 5,0% | (36.291) | 4,2% |
| Hreinlætismál | (9.984) | 1,2% | (10.456) | 1,3% | (12.096) | 1,4% |
| Skipulags- og byggingamál | (49.698) | 5,8% | (47.786) | 5,8% | (31.382) | 3,6% |
| Umferðar- og samgöngumál | (31.448) | 3,7% | (51.457) | 6,2% | (30.901) | 3,6% |
| Umhverfismál | (789) | 0,1% | (5.018) | 0,6% | (3.433) | 0,4% |
| Atvinnumál | 8.009 | -0,9% | (14.063) | 1,7% | (55.627) | 6,4% |
| Sameiginlegur kostnaður | (136.982) | 16,0% | (149.848) | 18,1% | (122.471) | 14,2% |
| Lífeyrissjóðurinn Brú | (1.634) | 0,2% | (1.634) | 0,2% | (1.634) | 0,2% |
| Óreglulegir liðir | | | | 0,0% | 451.678 | -52,3% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 42.271 | -4,9% | 45.564 | -5,5% | 39.333 | -4,6% |
| Aðalsjóður samtals | 73.548 | 91,4% | (16.068) | 101,9% | 593.950 | 31,2% |
| **Aðrir sjóðir í A-hluta** | | | | | | |
| Eignasjóður | (22.205) | 2,6% | (13.961) | 1,7% | (25.425) | 2,9% |
| Þjónustustöð | (7.450) | 0,9% | (6.546) | 0,8% | (3.732) | 0,4% |
| Ráðstöfun samtals | (29.656) | 3,5% | (20.506) | 2,5% | (29.158) | 3,4% |
| Rekstrarniðurstaða A hluti | 43.892 | 5,1% | (36.574) | -4,4% | 564.792 | 65,4% |

# Skýringar

## Samanburður rekstraráætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum |
| **Tekjur** | | | | | | |
| Skatttekjur | 810.053 | 8.000 | 818.053 | 808.917 | 8.000 | 816.917 |
| Aðrar tekjur | 146.100 | 0 | 146.100 | 315.024 | 0 | 315.024 |
| | 956.153 | 8.000 | 964.153 | 1.123.941 | 8.000 | 1.131.941 |
| **Gjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 444.272 | 0 | 444.272 | 474.106 | 0 | 474.106 |
| Annar rekstrarkostnaður | 459.601 | 8.000 | 467.601 | 538.721 | 8.000 | 546.721 |
| | 903.873 | 8.000 | 911.873 | 1.012.827 | 8.000 | 1.020.827 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | 52.280 | 0 | 52.280 | 111.114 | 0 | 111.114 |
| Afskriftir | (44.946) | 0 | (44.946) | (78.485) | 0 | (78.485) |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða** | 7.334 | 0 | 7.334 | 32.629 | 0 | 32.629 |
| Fjármagnsliðir | 12.539 | 0 | 12.539 | (28.333) | 0 | (28.333) |
| **Rekstrarniðurstaða** | 19.873 | 0 | 19.873 | 4.296 | 0 | 4.296 |

# Skýringar

### Samanburður sjóðstreymisáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekin reikningsskil A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum | Upphafleg fjárhags-áætlun | Viðaukar við fjárhags-áætlun | Fjárhags-áætlun með viðaukum |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins ............... | 19.873 | 0 | 19.873 | 4.296 | 0 | 4.296 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir .......................... | 44.946 | 0 | 44.946 | 78.485 | 0 | 78.485 |
| Verðbætur ........................................ | 14.681 | 0 | 14.681 | 21.784 | 0 | 21.784 |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) .......... | 79.500 | 0 | 79.500 | 104.565 | 0 | 104.565 |
| Breytingar á skammtímaliðum ......... | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Handb.fé frá rekstri (til rekstrar)** | 79.500 | 0 | 79.500 | 104.565 | 0 | 104.565 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum ......... | (173.500) | 0 | (173.500) | (237.050) | (94.000) | (331.050) |
| Langtímakröfur, breyting .................. | 1.705 | 0 | 1.705 | 1.777 | 0 | 1.777 |
| Langtímakr. eigin stofnanir, br. ......... | (94.623) | 0 | (94.623) | 0 | 0 | 0 |
| | (266.418) | 0 | (266.418) | (235.273) | (94.000) | (329.273) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | |
| Afborganir langtímalána .................. | (43.910) | 0 | (43.910) | (54.873) | 0 | (54.873) |
| Eigin fyrirtæki, breyting .................... | 41.722 | (94.000) | (52.278) | 0 | 0 | 0 |
| | (2.188) | (94.000) | (96.188) | (54.873) | 0 | (54.873) |
| **Breyting á handbæru fé** | (189.106) | (94.000) | (283.106) | (185.581) | (94.000) | (279.581) |
| Handbært fé í ársbyrjun ................... | 540.106 | 0 | 540.106 | 543.002 | 0 | 543.002 |
| **Handbært fé í árslok** | 351.000 | (94.000) | 257.000 | 357.421 | (94.000) | 263.421 |